

Priðjudaginn 9. maí 1967.

Nr. 63/1967. **Steinar Freysson**  
 gegn  
**Jóni Ellert Jónssyni**  
 og  
**Hallgrími Magnússyni.**

**Dómsendur:**

**hæstaréttardómararnir** Gizur Bergsteinsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson og prófessor Theodór B. Lindal.

Kærumál. Frávisun.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 11. apríl 1967, er hingað barst 24. s. m. Krefst hann þess, að hinn kærði frávisunardómur verði úr gildi felldur og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar að efni til. Svo krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðiljar krefjast staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Með skírskotun til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Sóknaraðili greiði varnaraðiljum kærumálskostnað, kr. 3.000.00 hvorum.

### **Dómsorð:**

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Steinar Freysson, greiði varnaraðiljum, Jóni Ellert Jónssyni og Hallgrími Magnússyni, kærumálskostnað, kr. 3.000.00 hvorum, að viðlagðri aðför að lögum.

### **Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. apríl 1967.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar hinn 30. f. m., hefur Steinar Freysson vörubifreiðarstjóri, Bugðulæk 2, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 18. nóvember 1965, gegn þeim Jóni Ellert Jónssyni, Rauðagerði 14, og Hallgrími

Magnússyni, Fellsmúla 9, báðum í Reykjavík, til greiðslu skuldar in solidum að fjárhæð kr. 28.525.70 með 7% ársvöxtum frá 15. júlí 1965 til greiðsludags auk málskostnaðar að mati réttarins.

Við munnlegan flutning málsins hinn 30. þ. m. kröfðust stefndu aðallega frávísunar málsins frá héraðsdómi, til vara sýknu að svo stöddu. Í báðum tilfellum kröfðust þeir málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Til þrautavara kröfðust stefndu lækkunar á stefnukröfunni eftir mati dómarans, enda yrði málskostnaður þá látinn niður falla.

Í þessum þætti málsins er því eingöngu fjallað um frávísunar-kröfu stefndu, sbr. 108. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

Málsatvik eru þessi:

Á lóðunum nr. 5 — 7 — 9 og 11 við Fellsmúla hér í borg hafa verið reist fjölbýlishús, fjögur stigahús. Lóðarhafar voru þeir Baldur Bergsteinsson, Hermann Helgason, Jón Sigurðsson og stefndu. Munu þeir Baldur, Hermann og Jón Sigurðsson hafa byggt húsinn nr. 5 og 7, en stefndu byggðu húsinn nr. 9 og 11. Rutt var fyrir grunnnum húsanna í einn samfelldan haug á lóð húsanna. Baldur Bergsteinsson samdi við stefnanda, að hann tæki að sér að fjarlægja ákveðinn hluta af nefndum haug. Afmörkuðu þeir Baldur og Jón Sigurðsson þann hluta haugsins, er stefnandi skyldi fjarlægja. Vann stefnandi síðan að þessu verki ásamt þrem öðrum vörubifreiðarstjórum, þeim Eiríki Albertssyni, Ragnari Jóhannesyni og Skarphéðni Valdimarssyni. Er langt var komið verki þessu, kom stefndi Jón Ellert Jónsson að máli við stefnanda og óskaði eftir því við hann, að þeir bifreiðarstjórnir fjarlægðu einnig það, sem eftir væri haugsins. Stefndi Jón Ellert lýsti því yfir við stefnanda, að hann mundi ábyrgjast greiðslu á þeim hluta verksins. Ekki var um annað rætt en að verk þetta yrði leyst af hendi í tímavinnu. Stefndi Jón Ellert kveðst hafa verið einn, er hann hafi rætt við stefnanda um framkvæmd verks þessa, en hafi skýrt meðstefnda Hallgrími Magnússyni frá þessu samkomulagi um kvöldið sama dag og það var gert og hafi Hallgrímur samþykkt þessa ráðstöfun. Stefndi Hallgrímur viðurkennir greiðsluskyldu sína á sínum hluta af kostnaði við að fjarlægja hauginn og hefur talið eðlilegast, að heildarkostnaði yrði skipt samkvæmt eignarhlutföllum eigenda. Jafnframt hefur Hallgrímur Magnússon skýrt svo frá, að hann hafi á sínum tíma rætt við vörubifreiðarstjórnann Skarphéðinn Valdimarsson um það, að verk

þetta væri allt sameiginlegt fyrir húsin nr. 5, 7, 9 og 11 við Fellsmúla og kæmi því eigi annað til greina en fjarlægja allan hauginn. Var það gert að öðru leyti en því, að bifreiðarstjórnum tókst eigi að fjarlægja nokkra stóra steina, sem þeir urðu að skilja eftir á lóðinni.

Sá hluti verksins, sem Jón Ellert bað um, var framkvæmdur dagana 9.—13. júlí 1965. Samkvæmt reikningum bifreiðarstjóranna fjögurra nam kostnaður við þann hluta verksins samtals kr. 58.796.60. Skiptist kostnaður þessi þannig:

Reikningur frá stefnanda, kr. 28.525.70.

Reikningur frá Eiríki Albertssyni, kr. 12.415.00.

Reikningur frá Skarphéðni Valdimarssyni, kr. 12.415.90.

Reikningur frá Ragnari Jóhannessyni, kr. 5.440.00.

Bifreiðarstjórnarnir hafa höfðað fjögur mál hér fyrir dóminum til heimtu þessara reikninga.

Stefndu greiddu eigi þessa reikninga, og hinn 23. júlí 1965 ritar lögmaður bifreiðarstjóranna stefndu innheimtubréf, þar sem hann krefur þá um kr. 58.897.50 (sic) auk vaxta og kostnaðar „eigi síðar en 31. þ. m.“.

Hinn 3. september 1965 ritar lögmaður bifreiðarstjóranna Ólafi Þorgrímssyni hæstaréttarlögmanni svohljóðandi bréf: „Skrifa það, sem stendur innan sviga á dskj. nr. 6“.

Ólafur Þorgrímsson hæstaréttarlögmaður svaraði bréfi þessu hinn 13. september 1965 á þessa leið: „Skrifa það, sem stendur innan sviga á dskj. nr. 7“.

Lögmaður bifreiðarstjóranna varð eigi við þeirri beiðni Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns að leggja fram „heildarreikning yfir kostnað við að aka mold og grjóti af lóðunum nr. 5 — 7 — 9 — 11 við Fellsmúla“.

Hinn 18. nóvember 1965 voru birtar stefnur í framangreindum fjórum málum til þingfestingar 25. s. m.

Við þingfestingu máls þessa lagði lögmaður stefnanda fram tvo reikninga. Báðir eru reikningarnar stílaðir á Fellsmúla 9 — 11. Annar reikningurinn er fyrir akstur með mold og grjót á bifreiðinni R 2699. Hann er dagsettur 9/7—13/7 1965 og sundurliðaður þannig:

34 tímar dagv. 260/30 . . . . . kr. 8.850.20

7 tímar eftirv. 279/50 . . . . . — 1.956.50

---

Kr. 10.806.70

Hinn reikningurinn er að fjárhæð kr. 17.719.00 og er sundurliðaður þannig:

An: V/ 46 tímar á 360/10 á tímann kr. 16.560.00

Sölusk. 7% . . . . . — 1.159.00

---

Kr. 17.719.00

Reikningur þessi ber ekki með sér, fyrir hvað hann er, en af stefnu má ráða, að hann sé fyrir leigu á moksturstæki.

Eftir þingfestingu máls þessa og fyrst framan af rekstri þess gætti Ólafur Þorgrímsson hæstaréttarlögmaður hagsmuna beggja stefndu og lagði fram sameiginlega greinargerð af þeirra hálfu. Í greinargerð þessari ítrekar hann áskorun sína til stefnanda um að leggja fram heildarreikning yfir kostnað við að fjarlægja allan hauginn. Enn fremur mótmælir hann í greinargerðinni reikningum stefnanda sem allt of háum.

Í réttarhaldi hinn 21. nóvember 1966 ítrekar lögmaður stefndu enn áskorun sína til stefnanda að leggja fram heildarreikning yfir kostnað við að fjarlægja hauginn. Stefndu hafa báðir komið fyrir réttinn. Stefndi Hallgrímur Magnússon kvaðst ekki geta tjáð sig um reikningsfjárhæðina, þar sem hann vissi ekki, hvað þeir Baldur Bergsteinsson og Jón Sigurðsson hefðu greitt. Stefndi Jón Ellert Jónsson treysti sér heldur ekki til að taka afstöðu til þess, hvort reikningarnir væru of háir. Hins vegar kvað hann sig minna, að bifreiðarstjórnarnir hefðu sagt sér, að Baldur Bergsteins-son hefði greitt þeim um kr. 30.000.00 fyrir þann hluta verksins, er hann hafði beðið um.

Í réttarhaldi í máli þessu hinn 17. marz 1967 var bókað eftir lögmanni stefndu, að hann sækti ekki lengur þing fyrir stefnda Jón Ellert Jónsson, þar sem hagsmunir hans og stefnda Hallgríms Magnússonar færu ekki saman.

Við munnlegan flutning málsins hinn 30. marz 1967, er fyrrgreind frávísunarkrafa var borin fram af hálfu stefndu, gætti Árni Stefánsson hæstaréttarlögmaður hagsmuna stefnda Jóns Ellerts.

Röksemdir lögmannna stefndu fyrir frávísunarkröfunni eru þær, að stefnandi hafi eigi þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir lagt fram heildarreikning yfir kostnað við að fjarlægja allan hauginn, þótt honum sé það í lófa lagið. Með þessu móti liggi stefnandi á upp- lýsingum, er leiði til þess, að ókleift sé að átta sig á því, hvort hér sé verið að krefja um bersýnilega ósanngjarnt endurgjald

fyrir það verk, sem innt var af hendi. Og þar sem hér sé um heildarverk að ræða, þótt tveir aðilar hafi samið um það, þá telja stefndu sig eiga réttmæta kröfu á því að fá að sjá heildar-reikning yfir verkið, áður en þeir geri upp skuldir sínar við stefnanda og hina bifreiðarstjórnanna, enda sé nú ókleift að láta framkvæma mat á verkinu.

Þá hafa stefndu einnig fundið að því, að reikningar stefnanda væru eigi nægilega sundurliðaðir, þar sem ekki megj sjá á þeim, hversu marga tíma hafi verið ekið hvern dag.

Stefnandi hefur mótmælt frávísunarkröfu stefndu, þar sem hún hafi eigi við rök að styðjast. Stefndu hafi ekki sannað, að reikningurinn sé ósanngjarnlega hár og beri því að leggja hann til grundvallar, enda telur stefnandi hann nægilega sundurliðaðan. Þá telur stefnandi sér eigi skylt að blanda viðskiptum sínum við aðra aðilja inn í þetta mál.

Dómarinn getur fallizt á frávísunarröksemdir stefndu. Máli þessu er vísað frá dómi.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnanda til að gjalda stefndu málskostnað skv. 1. mgr. 180. gr. laga nr. 85/1936. Þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 2.500.00 til hvors hinna stefndu.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan.

#### Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Steinar Freysson, greiði stefndu, Jóni Ellert Jónssyni og Hallgrími Magnússyni, málskostnað, kr. 2.500.00 hvorum aðilja.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.